

**AUGLÝSING**  
**um breytingu á aðalskipulagi Dalvíkurbyggðar**  
**vegna stækkunar íbúðarbyggðar á Dalvík.**

Skipulagsstofnun staðfesti 18. mars 2025 óverulega breytingu á aðalskipulagi Dalvíkurbyggðar 2008-2020 sem samþykkt var í sveitarstjórn 22. október 2024.

Breytingin felst í að íbúðarbyggð 201-ÍB er stækkuð um 0,5 ha norðan Ægisgötu og við norður-enda Karlsbrautar. Norðan Ægisbrautar verða gerðar lóðir fyrir allt að 6 íbúðir í par- eða raðhúsum á einni til tveimur hæðum og við Karlsbraut 30 verður gerð lóð fyrir einbýlishús á einni til tveimur hæðum.

Málsmeðferð var vegna óverulegrar breytingar á aðalskipulagi samkvæmt 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

*Skipulagsstofnun, 18. mars 2025.*

**Ólafur Árnason.**

B-deild – Útgáfudagur: 1. apríl 2025